

Mál nr. 223/2015
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar eftirvagns A.

Tjón á bifreið þegar hurðir fuku upp þ. 23.2.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 9.6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 22. 6.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M segir að A hafi verið á ferð með stóran eftirvagn þegar hurðir fuku upp þegar sterk vindhviða kom á bílinn. M segir að umræddur vagn hafi verið í notkun hjá M í langan tíma og verið í lagi. M krefst bóta úr vagnatryggingu sinni hjá V og vísar til greinar 3.3. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti tjón á eftirvagni af völdum óveðurs ef hann fýkur eða hurðir eða hlutar hans fjúka upp. Í tjónstilkynningu lýsir ökumaður A atvikum þannig að ein hliðarhurð hafi opnast og um leið hafi komið mjög sterk vindhviða og sprengt allar hurðirnar upp. V hafnar bótaskyldu og vísar til að skv. tjónstilkynningu hafi hurðin ekki opnast vegna óveðurs heldur hafi hún opnast af öðrum ástæðum, en í málskoti sé atvikum lýst með öðrum hætti eins og að framan greinir. V telur miðað við lýsingu í tjónstilkynningu að það sé ósannað að tjónið megi rekja til óveðurs eða annarra orsaka sem vátryggingin nær til.

Álit.

Ekki er fullt samræmi milli atvikalýsingar í málskoti og tjónstilkynningu. Engin gögn hafa verið lögð fram um veður þegar óhappið varð. Ekkert liggur því fyrir sem rennir stoðum undir staðhæfingu M um að óveður hafi verið þegar óhappið átti sér stað. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr vagnatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vagnatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.